

Stefna Hofsstaðaskóla

Unnin af starfsmönnum skólans
og sjálfsmatsteymi skólaárið 2011-2012



Stefna Hofsstaðaskóla

Stefna okkar er að vera öflugur og framsækinn skóli þar sem allir fá notið sín. Í Hofsstaðaskóla er unnið samkvæmt leiðarljósunum – viska – vinnusemi – vellíðan – virðing – verkmennt.

Leiðarljós skólans er að finna á <http://www.hofsstadaskoli.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=102626>.

Leiðarljós skólans ríma vel við leiðarljós Garðabæjar; í metnaði felst vinnusemi og viska, í gleði felst vellíðan og virðing er lykilorð í leiðarljósum beggja og að lokum má tengja sköpun við verkmennt.

Í Hofsstaðaskóla hafa öll börn jafnan rétt til náms og að þeim líði vel í skólanum. Stuðlað er að því að nemendur læri sjálfstæð, vönduð og fjölbreytt vinnubrögð í samræmi við aldur og þroska og beri ábyrgð á námi sínu. Áhersla er lögð á hlýlegt umhverfi, glaðlegt viðmót og vel menntað og hæft starfsfólk. Í skólanum er lögð áhersla á samvinnu og samræmingu námskrár leik- og grunnskóla en unnið er samkvæmt starfsáætluninni “Brúum bilið”, og samþykkt bæjarráðs um flutning nemenda í Garðaskóla eða Sjólandsskóla.

Til að koma til móts við þarfir allra nemenda og einstaklingsmiða skólastarfið vinna nemendur í misstórum hópum.

Í Hofsstaðaskóla er lögð áhersla á gagnkvæma virðingu og jákvæð samskipti heimila og skóla. Gott skólastarf byggir á markvissri þátttöku foreldra í námi barna sinna. Skólinn á sér trausta bakhjarla í öflugu skólaráði og foreldrafélagi og er góðum tengslum við nærumhverfið.

Í stefnukorti Hofsstaðaskóla birtast meginmarkmið og áherslur í stefnu skólans.

Hlutverk

Að veita öllum nemendum jafnan rétt til góðrar menntunar í öruggu umhverfi, starfsmönnum áhugavert starfsumhverfi og foreldrum tækifæri til að taka þátt í menntun barna sinna.

Framtíðarsýn

Að nemendum líði vel, þeir taki stöðugum framförum í hvetjandi umhverfi í samræmi við hæfileika hvers og eins og upplifi gleði í náminu.

Sjálfsmatsáætlun

Sjálfsmatsáætlun Hofsstaðaskóla er byggð á hugmyndafræði stefnumiðaðs árangursmats og skólastefnu Garðabæjar fyrir 2010-2013. Unnið hefur verið stefnukort og skorkort fyrir skólastarfið eins og sjá má í meðfylgjandi áætlun.

Skólastefna Garðabæjar og Hofstaðaskóli

Á fundi bæjarstjórnar 17. september 2009 var samþykkt tillaga um endurskoðun heildstæðrar skólastefnu Garðabæjar. Skólastefnan er heildstæð og nær til leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Áður en hafist var handa við gerð skólastefnunnar var leitast við að fá fram skoðanir og áherslur sem flestra. Í desember 2009 voru starfsmenn og nemendur beðnir um að svara spurningunum: *Hvað gerir skólastarf gott?* og *Hvað í skólastarfinu finnst þér að megi breyta eða bæta?* Unnið var í hópavinnu og skilaði skólinn niðurstöðum sínum til skólaskrifstofu. Skólaskrifstofa lagði sambærilega könnun fyrir foreldra.

Skólastefnan var gefin út í maí 2010 og er skólunum í Garðabæ ætlað að innleiða hana næstu þrjú árin, ásamt því að skila aðgerðaráætlun og mati á henni í lok tímabilsins. Skólaskrifstofan sendi út spurningakönnun í október 2010 til starfsmanna og foreldra um skólastefnuna.

Opið skólaþing var haldið í skólanum í nóvember 2010, annars vegar fyrir kennara og hins vegar fyrir foreldra. Þátttakendur voru samtals 60. Stjórn nemendafélagsins var kölluð saman til fundar til að fjalla um nokkur atriði í skólastefnunni.

Stefnukort Hofsstaðaskóla

Skólastarf

Læsi

Fjölbreyttar kennslu-
og námsmatsaðferðir

Stöðugar framfarir og
árangur

Nemendur þjálfast í
að bera ábyrgð á
eigin nám

Heilbrigður lífsstíll,
hreyfing og útvera

Heilbrigð samskipti,
góð félagsfærni og
jafnræði

Þjónusta

Einstaklings-
miðað
skólastarf

Gott aðgengi að
sérfræðiaðstoð

Gott
upplýsingaflæði

Virkt samstarf
hagsmunaaðila
skólasamfélagsins

Mannauður

Eftirsóknar-
verður
vinnustaður

Öruggt og
hvetjandi
starfsumhverfi

Fjölbreytt
starfspróun og
virkur
mannauður

Góð liðsheild

Fjármál

Ábyrg nýting
verðmæta og
hagkvæm
fjármála-
stýring

Skorkort Hofsstaðaskóla 2011-2012

Í skorkorti Hofsstaðaskóla eru sett fram helstu markmið ásamt mælingum, viðmiðum og aðgerðum.

Markmiðin eru flokkuð í fjóra meginþætti: Skólastarf, þjónusta, mannauður og fjármál.

Hver flokkur greinist síðan í áhersluþætti, þar sem fram koma áætlanir um mat, viðmið, mælingar og aðgerðir.

Gildi mælinga í skorkorti

Samanburðarbil	Gildi	Litagildi
Veikleikabil	0 -3,69	
Starfhæft bil	3,70-4,19	
Styrkleikabil	4,2-5	

	Markmið	Mæling	2011	2012	Viðmið	Mælingar 2011-2012	Aðgerðir
Skólastarf	Læsi og lestrarnám.	Árangur hvers árgangs í lestri. Lestrarpróf á 6 vikna fresti. Lesskilningspróf próf x2 á ári. Framsagnarpróf hjá eldri x2 á ári.	Ársskýrsla	Ársskýrsla	70% nemenda náí viðmiðum skólans á hraðlestrarprófi. Að 75% kennara tilenki sér aðferðaðfræði "Orð af orði"	Í ársskýrslu vor 2012 Í ársskýrslu vor 2012	Lestrarstefnu skólans fylgt eftir í samræmi við skólanámskrá í lestri og unnið með „Orð af orði“.
	Fjölbreyttar kennsluaðferðir.	Upptalning kennsluaðferða í kennsluáætlunum og ársskýrslum. Könnun um kennsluhætti lögð fyrir kennara og foreldra.		Könnun í mars	Að 90% kennara og foreldra telji að beitt sé fjölbreyttum kennsluháttum í skólanum.	Mæling vor 2012 Í ársskýrslu vor 2012	Gátlistar yfir kennsluaðferðir. Þróunarverkefnið „Orð af orði“. Hver kennari prófi 3 þrjár kennsluaðferðir/kennsluhætti yfir skólaárið og skrái hjá sér og geri grein fyrir í ársskýrslu.
	Fjölbreyttar námsmatsaðferðir.	Könnun um viðhorf til námsmats lögð fyrir kennara og foreldra.		Könnun í mars	Að 90% kennara og foreldra telji námsmatið fjölbreytt.	Mæling vor 2012	Gátlistar yfir námsmatsaðferðir. Þjálfar þarf foreldra og nemendur í nota námsframvinduna og leiðsagnarmatið í Mentor.
	Umhverfismennt.	Ársskýrsla og fjöldi funda í umhverfisnefnd.		Vor	Að 100% nemenda og starfsfólks vinni samkvæmt umhverfisáætlun.	Í ársskýrslu vor 2012	Skólanámskrá höfð til hliðsjónar og skoðunar um að það sé stígandi í kennslunni um umhverfismennt. Efla umhverfisvitund nemenda og kennara.
	Heilbrigður lífsstíll, hreyfing og útvera.	Könnun um líðan lögð fyrir nemendur og foreldra.	Könnun í nóv	Könnun í nóv	Að 90% nemenda og foreldra telji að nemendum líði vel.	*4,51 **94%	Ýmis verkefni tengd hreyfingu og hollum lífsháttum.
	Heilbrigð samskipti, lýðræði, félagsfærni og jafnrétti kynjanna.	Skýrsla námsráðgjafa og tengslakannanir hvers bekkjar. Ársskýrsla og niðurstöður úr Skólapúlslinum (x2 úrtak) og HBSC. Könnun R og G (5.-7. bekk) og leiðsagnarmat.	Tengslakönnun í september Þegar það á við	Tengslakönnun í september Þegar það á við	Að 90% nemenda líði vel í bekknum sínum og skólanum.	95%	Að halda bekkjarfundi og hvetja til vinahópa þar sem það á við. Endurskoðun jafnréttisáætlunar með hliðsjón af áhugasviði kynjanna. Skólareglur og leiðarljós skólans höfð til hliðsjónar.

* Likert kvarði er raðkvarði sem hefur bæði jákvæða og neikvæa stefnu.

** Prósentu/svarhlutfall

	Markmið	Mæling	2011	2012	Viðmið	Mælingar 2011-2012	Aðgerðir
Þjónusta	Gott aðgengi að sérfræðipjónustu til að koma til móts við þarfir allra nemenda.	Könnun á sérfræðipjónustu lögð fyrir foreldra. Skýr og skráð verkferli varðandi einelti.		Könnun í nóvember	100% skráning á grunuðum/staðfestum eineltismálum. Fjöldi eineltismála á skólaári.	4,25	Deildarstjórar og námsráðgjafi stýri boðleiðum og verkefnum. Kynning á haustfundum fyrir foreldra um boðleiðir sérfræðipjónustunnar.
						Í ársskýrslu vor 2012	
	Foreldrar fá tækifæri til að taka þátt í skólastarfinu og taka að sér tiltekin verkefni og stuðla þannig að betri árangri barns síns.	Samantekt í ársskýrslu og könnun um foreldrasamstarf. Fjöldi svarenda í leiðsagnarmati. Bekkjjarfulltrúar, foreldraráð og skólaráð.		Könnun í mars	90% foreldra svari leiðsagnarmatinu.	Ársskýrsla	Að virkja foreldra í aukið samstarf á milli heimilis og skóla. Að bekkjarkennari styrki tengslin og hvetji foreldra til að koma í heimsókn í bekk.
	Samstarf milli skólastiga	Fjöldi heimsókna leikskólabarna. Könnun lögð fyrir foreldra 1. bekkina á haustfundi.		Vor	Að unnið sé samkvæmt Brúum bilið. Yfirlit í ársskýrslu. Að unnið sé samkvæmt samþykkt um skólalok og skólabyrjun í 7. og 8. bekk.	Í ársskýrslu vor 2012 Mæling haust 2012 Í ársskýrslu vor 2012	Áframhaldandi samstarf á milli stjórnenda skólanna með það að markmiði að skoða samfellu í námi, sbr. „Brúum bilið“ samstarfsskjalið. Deildarstjórar skólanna hittast reglulega. Samstarf við Garðaskóla og Sjálandsskóla á fagfundum.

	Virkt upplýsingastreymi	Talning á heimsóknum á vef skólans. Tölvupóstur sendur vikulega til foreldra Virkur og lifandi vefur	Leiðsagnar- mat	Vor	Að heimsóknum fjölgi frá ári til árs. Umsjónarkennarar vinni skv. stefnu skólans Fréttir af skólastarfinu á heimasíðu.	Í ársskýrslu vor 2012	Efla notkun vef á skólans. Allir umsjónarkennarar sendi vikulegan tölvupóst um starfið. Þeir eru einnig ábyrgir fyrir frétt á heimasíðu skólans tvisvar á skólaári. Heimavinnuáætlun skal setja vikulega inn í Mentor. Hún þarf að vera samræmd með tilliti til skiladaga verkefna.
--	----------------------------	--	--------------------	-----	---	-----------------------	---

Mannauður	Markmið	Mæling	2011	2012	Viðmið	Mælingar 2011-2012	Aðgerðir
	Eftirsóknarverður vinnustaður	Könnun lögð fyrir starfsmenn.	Könnun		Að 90% starfsfólks sé ánægt í vinnunni.	4,55 96,07%	Að stuðla að jákvæðum starfsanda með ýmsum uppákomum, fræðslu og umræðum og efla samstarf á milli starfsmanna.
	Fjölbreytt starfsþróun	Skýrslur kennara að vori. Eyðublað um endurmenntun á skólaárinu.		Kennarar skila yfirliti í júní	Að 95% allra kennara sækja tilætlaðan tímafjölda í endurmenntun á skólaárinu.	Í ársskýrslu vor 2012 Mæling vor 2012	Að boðið verði upp á fjölbreytt námskeið fyrir starfsfólk skólans. Hver kennari geri eigin endur- og símenntunaráætlun að hausti. Að kennarar fái tækifæri á að taka þátt í þróunarverkefnum. Að starfsmenn sem sækja námskeið og fyrirlestra kynni fyrir áhugasömum efni þeirra og deili hugmyndum og efni. Handleiðsla; að starfsfólk fái tækifæri á að hittast og fara í gegnum mál sem hafa áhrif á líðan þeirra og hæfni.
	Líkamlegt og andlegt heilbrigði starfsmanna	Viðhorfakönnun um líðan lögð fyrir starfsmenn árlega.		Könnun í janúar	Að 90% starfsfólks sé ánægt í vinnunni.	4,55 96,07% 3,73 60,79% (Heilsuefning)	Dreifa verkefnum yfir veturinn. Að stjórnendur beiti sér fyrir því að starfsfólk fái styrk til líkamsræktar.

Fjármál	Markmið	Mæling	2011	2012	Viðmið	Mælingar 2011	Aðgerðir
	Ábyrg nýting verðmæta og hagkvæm fjármálastýring.	Ársreikningur.	Desember	Desember	Vera ávallt innan ramma fjárhagsáætlunar.	Rekstrarafgangur 1%	Vera ávallt innan ramma fjárhagsáætlunar.

Skorkort Hofsstaðaskóla 2012-13

Í skorkorti Hofsstaðaskóla eru sett fram helstu markmið ásamt mælingum, viðmiðum og aðgerðum.

Markmiðin eru flokkuð í fjóra meginþætti: Skólastarf, þjónusta, mannauður og fjármál.

Hver flokkur greinist síðan í áhersluþætti, þar sem fram koma áætlanir um mat, viðmið, mælingar og aðgerðir.

Gildi mælinga í skorkorti

Samanburðarbil	Gildi	Litagildi
Veikleikabil	0 -3,69	
Starfhæft bil	3,70-4,19	
Styrkleikabil	4,2-5	

Skólafarir	Markmið	Mæling	2012	2013	Viðmið	Mælingar 2012-2013	Aðgerðir
	Nemendur þjálfast í að skipuleggja eigið nám, setji sér markmið og leggi metnað í eigin störf.	Fjöldi nemenda og foreldra sem skila leiðsagnarmati á hverju ári. Könnun lögð fyrir kennara, nemendur og foreldra haustið 2013. Nemendasamtöl til að kanna líðan í skóla. Kennari, nemandi og foreldri ræða saman augliti til auglitis.		Nóvember	Að 90% nemenda og foreldra noti Leiðsagnarmatið.		Að nemendur í 5. - 7. bekk setji sér markmið í Leiðsagnarmatinu. Að Mentor sé lykiltæki í skipulagningu námsins. Að auka fræðslu um námstækni og námsráðgjöf á eldra stigi. Að nemendur og foreldrar noti námsframvinduna sem leiðarljós í náminu á ábyrgan og virkan hátt.
	Nemendur fá þjálfun í heimspekilegri samræðu.	Heimspekileg samræða á stundaskrá. Uppfæra námsvísa hjá árgöngum og í ársskýrslu. Viðhorfakönnun fyrir kennara, nemendur og foreldra.		Nóvember	Að 75% kennara skólans séu meðvitaðir um gildi heimspekilegrar samræðu.		Haldið verður námskeið í samstarfi við skólaskrifstofu Garðabæjar. Að heimspeki verði fastur liður í stundaskrá. Handleiðsla og ráðgjöf til kennara allt skólaárið.

Þjónusta	Markmið	Mæling	2012	2013	Viðmið	Mælingar 2012-2013	Aðgerðir
	Skilgreining á einstaklingsmiðuðu skólastarfi	Uppfæra námsvísa og kennsluáætlanir. Fjöldi nemenda með	Haust			Ársskýrsla	Einstaklingsnámskrá sem tekur mið af færnimiðuðu námi, aðlagaðri námskrá, minni nemendahópum, aðlöðuðu námsmati og áhugasviðsverkefnum.

Fjármál	Markmið	Mæling	2012	2013	Viðmið	Mælingar 2012	Aðgerðir
	Ábyrg nýting verðmæta og hagkvæm fjármálastýring.	Ársreikningur.	Desember	Desember	Vera ávallt innan ramma fjárhagsáætlunar.	Rekstrarafgangur 1%.	Vera ávallt innan ramma fjárhagsáætlunar.

Markmið	Aðgerðir	Rökstuðningur	Mælikvarðar	Viðmið
Læsi og lestrarnám	Fylgja markmiðum lestrarstefnu Hofsstaðaskóla	Lestur er undirstaða alls náms	Skoða framfarir nemenda	Samantekt í ársskýrslu
	Lestraráttak í 2.-4. bekk í samstarfi við foreldra Lestraráttak/sprettur í 5.-7. Bekk	Auka lestrarhraða nemenda sem ekki hafa náð viðmiðum	Samanburður á lestrarhraða fyrir og eftir lestraráttak	Að 70% nemenda nái lestrarviðmiði skólans í hverjum árgangi
	Þróunarverkefni - námskeið í Orð af orði	Auka orðaforða nemenda og styðja við lestrarkennslu	Fjöldi kennara sem tekur þátt	90% virk þátttaka allra kennara
	Þróunarverkefni í ritun - skólaheimsókn til Bretlands	Auka færni og áhuga nemenda í ritun	Fjöldi kennara sem tekur þátt - framfarir og aukin ánægja nemenda	90%% virk þátttaka umsjónarkennara og sérkennara
	Þróunarverkefni í skrift	Samræma skriftarkennslu í skólanum	Fjöldi kennara sem tekur þátt	90% virk þátttaka umsjónarkennara og sérkennara
	Úrvinnsla samræmdra prófa - framfaræinkunnir	Einn af mælikvörðum um árangur skóla	Nemendur sýni framfarir á milli 4. og 7. bekkjar. Samanburður á strákum og stelpum.	Að Hofsstaðaskóli verði jafnhár eða hærri en skólarnir í Garðabæ og yfir meðaltali á höfuðborgarsvæðinu

Markmið	Aðgerðir	Rökstuðningur	Mælikvarðar	Viðmið
2011 – Fjölbreyttar kennsluaðferðir og skapandi skólastarf	Framfylgja skólastefnu Garðabæjar Framfylgja aðalnámskrá grunnskóla	Nauðsynlegt er að vinna samkvæmt þeim ramma sem settur er af yfirvöldum	Námsvísar og kennsluáætlanir bornar saman við skólastefnu	Gæta þess að samræmi sé milli þessara þátta
	Fjölbreyttir kennsluhættir og aðferðir Nemendur fá tækifæri til að vinna ýmist einstaklingslega, í paravinnu eða í hópum. Færnismiðað nám – í völdum námsþáttum Samþætting námsgreina – bóklegt nám og skapandi starf þjálfar nemendur í sviðslist Virk notkun í upplýsingatækni í skólastarfi Símenntun sem styður við fjölbreytta kennsluhætti og nýjungar í skólastarfi Heimsóknir gesta – nemendum til gagns og gamans	Með mismunandi kennsluaðferðum er reynt að koma til móts við þarfir ólíkra nemenda. Slík nálgun eykur líkur á betri árangri í námi. Nemendur þjálfast í margs konar vinnubrögðum sem verður þeim hvatning til áframhaldandi náms Fjölbreytni eykur ánægju nemenda	Námsvísar, kennsluáætlanir og ársskýrslur skoðaðar m.t.t. þess hvort fjölbreytni í kennsluaðferðum og kennsluháttum sé til staðar. Kennarar skila gátlistum með vorskýrslu	Hver og einn kennari setji sér markmið um að prófa eina til þrjár nýjar kennsluaðferðir og birti í ársskýrslu. Kennarar skila útfylltum gátlistum til stjórnenda með ársskýrslu

Markmið	Aðgerðir	Rökstuðningur	Mælikvarðar	Viðmið
Fjölbreyttar námsmatsaðferðir	Leiðsagnarmat	Koma til móts við ólíkar þarfir og getu nemenda	Fjöldi nemenda/foreldra sem skilar inn mati í október	85% skil
	Leiðsagnarmat	Nemendur beri ábyrgð ásamt foreldrum sínum á að setja sér markmið og fylgja þeim	Fjöldi nemenda/foreldra sem svarar spurningunni um markmiðssetningu	75% skil
	Birta nemendum og foreldrum nemenda í 1. bekk vitnisburð í janúar	Námsframvinda nemenda á alltaf að vera sýnileg foreldrum	Allir kennarar skrá vitnisburð og birta foreldrum	100% skil
	Stefna að notkun á námsframvindu í öllum greinum í 1. bekk	Til þess að nemendur og foreldrar geri sér betur grein fyrir stíganda í náminu	Allir kennarar sem kenna 1. bekk nýti þennan möguleika	100%
	Nota námsframvinduna til að birta námsmat í list- og verkgreinum, eðlisvísindum, sundi og ritþjálfu	Foreldrar eigi greiðari aðgang að námsframvindu barna sinna allt skólaárið	Allir kennarar sem kenna þessar greinar skili sínu námsmati í námsframvindunni	100% skil
	Skoða hvort innleiða eigi námsframvinduna í fleiri greinum	Samræma námsmat og framsetningu í öllum greinum í öllum árgöngum	Útfærsla í skoðun	Útfærsla í skoðun
	Fjölbreytt námsmat	Stuðlar að árangursríkara námi	Sjá námsvísa og kennsluáætlanir	Gátlistar, hver kennari merki við hvaða aðferðum hann beitir

Markmið	Aðgerðir	Rökstuðningur	Mælikvarðar	Viðmið
2011 - Umhverfismennt	Efla umhverfisvitund nemenda og starfsfólks	Nemendur og starfsfólk taki afstöðu gagnvart umhverfi sínu og skilji að það skiptir máli að taka ekki meira frá jörðinni en það gefur	Allir nemendur og starfsmenn taka þátt	Fá endurnýjun á Grænfána á tveggja ára fresti
	Fylgja umhverfisstefnu Hofsstaðaskóla	Til að viðhalda umhverfisvitund nemenda og starfsfólks	Fylgjast með rafmagns- og pappírsmenningu og bera saman á milli ára. Skráning á þátttöku í verkefninu Göngum í skólann Útikennsla tekin saman í ársskýrslum Umhverfiskennsla í öllum bekkjum Allir bekkir taka þátt í að hreinsa skólalóð	100% þátttaka allra nemenda og starfsmanna
	Stefna að því að engar einnota umbúðir verði í nesti/mat hjá nemendum skólaárið 2014-15	Minnka sorp í samfélaginu Hagkvæmari innkaup fyrir heimilin (stærri umbúðir)	Unnið í áföngum: 2012-13 1. – 2. bekkur 2013-14 1. – 4. bekkur 2014-15 1. – 7. bekkur	100% þátttaka nemenda 2014-15
	Flokka rusl í lífrænt, ólífrænt og endurvinnanlegt í Hofsstaðaskóla	Minnka óflokkað sorp frá skólanum Endurvinna allt sorp sem hægt er	Allt sorp flokkað frá skólanum	100% flokkun á úrgangi frá hausti 2012

Markmið	Aðgerðir	Rökstuðningur	Mælikvarðar	Viðmið
2011 - Heilbrigður lífsstíll, hreyfing og útvera	Íþróttakennsla	Hreyfing 2x í viku í 40 mín. Fjölbreytt hreyfing í gegnum leik og kynning á ýmsum íþróttagreinum	Mot 4 – 6 Hreyfiþroskapróf. Athugun á ýmsum þáttum s.s. Þol, styrk, liðleika og hæfni Hreyfiþroskapróf í 1. bekk	Að allir nemendur séu virkir og jákvæðir gagnvart heilbrigðum lífsstíl
	Sund	Að allir Íslendingar séu (syndir) færir um að bjarga sér og öðrum í vatni	Samræmd sundstig samkvæmt aðalnámskrá	Að 90 – 95 % nemenda nái 7. sundstiginu
	Þátttaka nemenda í hvatningaverkefnum: T.d. Norræna skólahlaupið Lions boðhlaupið Norræna aflraunakeppnin Gengið og hjólað í skólann Unicef hlaupið	Taka þátt í fjölbreyttum verkefnum sem virka sem hvatning til heilbrigðs lífsstíls	Viðurkenning fyrir þátttöku: t.d. límmiðar, viðurkenningarskjöl, bikar o.fl.	Að allir nemendur séu virkir þátttakendur
	Vettvangsferðir	Kynnast nærumhverfinu. Víkka sjóndeildahringinn Nota almenningssamgöngur	Eftirfylgni – umræður, verkefni sem tengjast ferðinni	Að allir nemendur fari a.m.k. tvær vettvangsferðir á ári
	Útikennsla og umhverfisvitund	Tengja námið við raunverulegar aðstæður	Umræður og verkefni	Að allir nemendur fái útikennslu samkvæmt aðalnámskrá
	Hollur matur (nesti)	Að nemendur átti sig á því hvað það er mikilvægt að borða góðan og hollan mat.	Nesti: Huglægt mat umsjónakennara sjá umhverfismennt Skólamatur: Útreikningar næringarfræðings.	Að nemendur temji sér hollt matarræði og fylgi markmiðum Lýðheilsustöðvar

Markmið	Aðgerðir	Rökstuðningur	Mælikvarðar	Viðmið
Heilbrigð samskipti, lýðræði, félagsfærni og jafnrétti kynjanna	Tengslakannanir	Tengslakannanir eru lagðar fyrir nemendur til að fylgjast með tengslamyndun og vinasamböndum, bæði í bekk og í frímínútum	Umsjónarkennari leggur tengslakannanir fyrir alla nemendur í október ár hvert í samstarfi við námsráðgjafa og aftur í janúar ef þurfa þykir	Nemendur sem lenda á jaðrinum í tengslakönnun séu færri en 5%
	Bekkjarfundir	Nemendur eiga að hafa lýðræðislega aðkomu að því að ræða og leysa úr eigin málum	Allir umsjónarkennarar halda bekkjarfundi reglulega - námsráðgjafi vinnur með hópum þegar það á við	Fjöldi bekkjarfunda í hverjum bekk - sjá í ársskýrslu
	Félagsfærnihópar	Nemendur sem þurfa aðstoð varðandi félagsfærni eiga kost á þjálfun í litlum hópi hjá þroskaþjálfra eða námsráðgjafa	Huglægt mat - viðtöl við nemendur	Huglægt mat, samanburður á tengslakönnunum í október og janúar
	Virkt nemendafélag	Samkvæmt grunnskólalögum ber öllum skólum að sjá til þess að nemendafélag starfi við skólann	A.m.k. þrír fundir árlega með stjórn nemendafélagsins	100%
	Salur	Nemendur fá tækifæri til að tjá sig fyrir framan áhorfendur. Foreldrum boðið á skemmtun með nemendum	Þátttaka allra nemenda. Huglægt mat	Allir umsjónarkennarar undirbúi skemmtun á sal árlega. Kemur fram í ársskýrslu

Markmið	Aðgerðir	Rökstuðningur	Mælikvarðar	Viðmið
Heilbrigð samskipti, lýðræði, félagsfærni og jafnrétti kynjanna	Bekkjarkvöld	Einn liður í samstarfi heimila aog skóla sbr. grunnskólalög	Allir umsjónarkennarar skipuleggja bekkjarkvöld tvisvar á skólaári. Foreldrar skipuleggja einnig bekkjarkvöld án kennara. Auk þess er haldið þorablót í 6. bekk og árshátíð í 7. bekk	Sjá í ársskýrslu
	Vinahópar – valkvætt mismunandi milli hópa	Nemendur og foreldrar fá tækifæri til að kynnast og eiga góða stund saman	Einu sinni til tvisvar yfir skólaárið undir stjórn foreldra	Að hvert heimili haldi vinahópa x1 á skólaári
	Skólaráð	Samkvæmt grunnskólalögum eiga skólaráð að starfa í öllum skólum, þar eiga nemendur tvo fulltrúa, foreldrar og grenndarsamfélag þrjá og starfsmenn þrjá, auk skólastjóra. Aðstoðarskólastjóri setur einnig fundi skólaráðs og er ritari.	Sex til átta fundir árlega	Fjöldi funda og fundarsókn
	Jafnréttisáætlun	Samkvæmt lögum eiga stofnanir með fleiri en 25 starfsmenn að eiga skriflega jafnréttisáætlun	Starfsmenn og stjórn nemendafélagsins taki þátt í gerð jafnréttisáætlunar	Viðhorfakönnun lögð fyrir nemendur og starfsmenn um jafnrétti í skólastarfi
	Eineltisáætlun	Allir skólar vinni samkvæmt áætluninni Gegn einelti í Garðabæ	Fjöldi skráðra eineltismála-bæði grunuð og staðfest. Sjá í ársskýrslu námsráðgjafa	100% skráningar á grunuðum/staðfestum eineltismálum. 100% eftirfylgni
	Nemenda- og foreldrasamtöl	Kennarar hitti nemendur og foreldra formlega tvisvar á ári til að eiga samtál um skólagöngu nemenda	Yfirlit yfir þátttöku	100% mæting

Markmið	Aðgerðir	Rökstuðningur	Mælikvarðar	Viðmið
2011 - Gott aðgengi að sérfræðiþjónustu til að koma til móts við þarfir allra nemenda	Samstarf margra starfsstétta sem koma að málum nemenda	Ólík sérfræðipækking mætist til að auka hag nemenda	Skráning funda, markmið og eftirfylgni	Að 80% markmiða náist fyrir hvern nemanda
	Skráð ferli varðandi hvert á að leita, kynnt fyrir foreldrum/starfsmönnum og birt á vefsíðu	Til að auðvelda kennurum, foreldrum og öðrum sem þurfa á þjónustu að halda að sjá hvaða sérfræðiþjónusta er í boði og hvert ferlið er	Foreldrar eru upplýstir um að upplýsingar séu á heimasíðu skólans	Ferlið sé aðgengilegt á heimasíðu skólans
	Foreldrar upplýstir um skimunarpróf/kannanir: Hreyfiþroskapróf í 1. bekk Leið til læsis í 1. -4. bekk Aston Index í 2.-7. bekk Lestrarpróf í öllum árgöngum Tengslakannanir í öllum árgöngum	Eykur aðgengi að þjónustu og upplýsingaflæði milli heimilis og skóla	Að skimunarprófin og kannanirnar komi skýrt fram á heimasíðu skólans, að kennari í hverjum árgangi kynni prófin/kannanirnar fyrir foreldrum á haustfundum.	Allir foreldrar séu upplýstir
	Samvinna við foreldra og nemendur	Bæta hag, líðan og námsárangur nemenda	Aðlagð námsefni, námsmat og heimanám, einstaklingsnámsskrár, kynning á fötlun og nemendaverndarráðsfundir	Einstaklingsmiðuð viðmið

Markmið	Aðgerðir	Rökstuðningur	Mælikvarðar	Viðmið
2011 – Foreldrar fá tækifæri til að taka þátt í skólastarfinu og taka að sér tiltekin verkefni og stuðla þannig að betri árangri barns síns.	Haustfundir	Upplýsa foreldra um bekkjarstarfið og námeðni og markmið vetrarins.	Mæting foreldra	80%
	Nemenda/foreldrasamtöl x2 á ári	Kennari hittir nemanda ásamt foreldrum til að ræða líðan og námslega og félagslega stöðu barnsins	Mæting foreldra	100%
	Skemmtarnar/bekkjarkvöld	Hittast utan skólatíma og styrkja félagsleg tengsl	Mæting foreldrar	90%
	Foreldrakvöld	Styrkja tengsl milli foreldra í árgöngum	Spurning í foreldrakönnun til að kanna áhuga, mæting	50%
	Kynningar	Foreldrar kynnist starfi kennarans og nemendur kynnist starfi foreldra	Þátttaka	10 foreldrar á ári
	Sjálfböðastörf	Foreldrar kynnist skólastarfinu frá ýmsum hliðum Aðstoði í matsal, frímínútum og vettvangsferðum	Yfirlit um þátttöku	

Markmið	Aðgerðir	Rökstuðningur	Mælikvarðar	Viðmið
2011 - Samstarf milli skólastiga	Brúum bilið. Leikskóli – grunnskóli 7. bekkur – 8. bekkur	Nauðsynlegt er að skapa samfellu á milli skólastiga. Með samstarfi sem þessu er sú vinna auðvelduð. Samstarf leikskólans og grunnskólans er markvisst. Þarfir nemenda eru settar í forgang og verðandi skólabörn heimsækja skólann, kynnast honum og öðlast öryggi sem nauðsynlegt er við upphaf skólagöngu. Einnig heimsækja nemendur í Hofstaðaskóla leikskóla bæjarins. Kynningarfundir fyrir foreldra leikskólabarna. Það sama má segja um samstarf milli Hofstaðaskóla og Garða- og Sjálandsskóla.	Fjöldi heimsókna leikskólabarna í skólann. Sameiginleg verkefni unnin í leik- og grunnskóla. Könnun lögð fyrir foreldra um fyrirkomulag Það sama má segja um nemendur í 7. bekk. Könnun lögð fyrir nemendur um fyrirkomulag	90% þátttaka foreldra 90% þátttaka nemenda
	Heimsóknir nemenda í 7. bekk í Garða- og Sjálandsskóla	Allir nemendur heimsækja báða skólana með það fyrir augum að velja sér skóla. Þar fá þeir kynningu á skólanum. Þetta auðveldar nemendum valið. Nemendur fara í eina til tvær heimsóknir yfir veturinn í litlum hópum og sitja í kennslustundum. Þetta eykur öryggi nemenda og þeir kynnast skólunum betur.	Fjöldi heimsókna nemenda í skólana.	Að allir nemendur fái góða kynningu á skólunum og fari í heimsóknirnar.

	Sameiginleg diskótek í 7. bekk hjá skólunum í Garðabæ	Eflir tengsl nemenda í skólum bæjarins. Þegar nemendur fara í 8. bekk er gott að hafa hitt verðandi skólafélaga.	Fjöldi þátttakenda á diskótekunum og virkni í að taka þátt í undirbúningnum og á diskótekunum sjálfum. Skólarnir skipti á milli sín að halda diskótekin.	90-100% þátttaka. Að skemmtunin fari vel fram.
	Skilafundur sérfræðipjónustu leikskóla í maí Skilafundur umsjónar- og sérkennara að vori áður en nemendur 7. bekkja fara í Garða- og Sjálandsskóla	Mikilvægum upplýsingum um nemendur er komið á framfæri við viðtökuskólana, sérstaklega þeirra nemenda sem huga þarf að t.d verðandi sérkennslu eða aðrar sérþarfir.	Að fundir séu haldnir	Að allar upplýsingar komist til skila á öruggan og heiðarlegan hátt.

Markmið	Aðgerðir	Rökstuðningur	Mælikvarðar	Viðmið
2011 – Virkt upplýsingastreymi.	Póstsamskipti -Vikupóstur -Erindi	Tölvupóstur er öflugt og „tímalaust“ samskiptatæki sem hentar í ákv. tilvikum vel.	Árgangar senda deildarstjóra afrit af vikupósti. Starfsfólk svarar erindum innan sólarhrings.	100% Engar kvartanir.
	Mentor Heimavinna Ástundun Dagbækur Námsmat Námsframvinda	Mikilvægt að halda utan um námsferli nemenda á einum stað. Þar er aðgengi fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk.	Deildarstjórar fylgjast með virkni kennara.	100% þátttaka.
	Vefur skólans -Vel uppfærður vefur -Áminningar sendar til starfsfólks og aðstandenda reglulega um nýjar fréttir á vef. -Atburðadagatal	Vefur skólans er andlit hans út á við. Mikilvægt að þar sé að finna helstu upplýsingar og að hann endurspegli skólastarfið.	Heimsóknir á vefinn. Talning fréttar og myndasafna. Könnun.	Allir kennarar setji að lágmarki tvær fréttir og tvö myndasöfn á vefinn á hvorri önn. Að lágmarki tvær áminningar um nýjar fréttir sendar á önn til starfsfólks og aðstandenda.
	Nemenda- og foreldrasamtöl	Mikilvægt að nemendur – og foreldrar hittist og ræði námið og líðan.	Samtöl tvisvar á ári. Svörun- leiðsagnarmat	100% mæting foreldra
	Foreldrafélag og bekkjarfulltrúar	Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki í samstarfi við skólann. Þeir þurfa að hafa aðgang að ákveðnum upplýsingum og eiga möguleika á samskiptum sín á milli.	Öflugt foreldrafélag Virkir bekkjarfulltrúar Vettvangsathugun.	Vettvangsathugun.
	Innra upplýsingastreymi Vikupóstur Mánaðarlegt yfirlit - fundir og samstarf Upplýsingar á töflu Dagbækur-Fundarboðanir	Mikilvægt að allir starfsmenn gangi í takt og séu vel upplýstir um það sem er efst á baugi.	Allir taka þátt og fylgjast með.	100%

Markmið	Aðgerðir	Rökstuðningur	Mælikvarðar	Viðmið
2011 - Eftirsóknarverður vinnustaður	Fartölvur fyrir kennara	Auðveldar kennurum vinnu. Eykur afköst. Minni streita ef hlutirnir eru í lagi	Engar (færri) bilaðar tölvur. Tölvudeildin geri könnun og upplýsi notendur	Viðgerð á tölvu fari fram innan fimm daga
	Góðir stjórnendur	Sanngjarnir og góðir stjórnendur skapa betri vinnuanda	Könnun - Sem flestir starfsmenn séu ánægðir með fagleg störf stjórnenda	90% starfsmanna séu ánægðir með störf stjórnenda
	Metnaðarfullt skólastarf: -þróunarverkefni -stuðningur við kennara sé góður (sérkennsla, skólaliðar, námsráðgjafi o.fl.) -Eineltisáætlun	Hvetjandi, skemmtilegra, þægilegra og léttara vinnuumhverfi. Góð samskipti skapa betri líðan og þar með betra skólastarf og lengri starfsævi starfsmanna við skólann. Sem flestum líði vel félagslega í vinnunni og geti leitað til vinnufélaga til að ræða viðkvæm mál er varða starfið.	Eftirfylgni með þeim verkefnum sem lagt er af stað með. Könnun um líðan nemenda Könnun sem mælir ánægju starfsmanna í vinnunni. Starfsmannasamtal við nýja starfsmenn í október. Starfsmannasamtal í febrúar/mars	90% nemenda séu ánægðir með skólann sinn 90% starfsmanna séu ánægðir með vinnustaðinn sinn. 90% starfsmanna líði vel í vinnunni Samantekt starfsmannasamtala

	Gott og hlýlegt mötuneyti. Hollur og fjölbreyttur matur á sanngjörnu verði.	Hollur matur eykur vellíðan og dregur úr streitu	Könnun meðal starfsfólks	Sem flestir nýti sér mötuneytið og það verði með óbreyttu sniði.
	Jákvæður og styðjandi foreldrahópur, en ekki of ráðandi	Auðveldar skólastarf og gerir það skemmtilegra og faglegra.	Umræða að vori á kennarafundi um hvernig þeim finnst samstarfið ganga Könnun	Að 90% foreldra séu ánægðir með samskipti og samstarf við skólann

Markmið	Aðgerðir	Rökstuðningur	Mælikvarðar	Viðmið
2011 - Fjölbreytt starfspróun Eigin símenntun	Grasrótarhugmyndir	Að auka flæði boðleiða. Að tillögur um símenntun geti komið frá öllu starfsfólki skólans.	Þjóna öllu starfsfólki	Þeir sem hafa áhuga mæta
	Starfsfólk skipuleggi fræðslu fyrir aðra	Námskeið og fyrirlestrar sem starfsmenn hafa sótt og gagnlegt væri að kynna fyrir áhugasömum og deila hugmyndum og efni.	Virk þátttaka þeirra sem mæta	Fjöldi þátttakenda
	Leshópar	Skiptast á að velja bækur og efni eftir þörfum og áhuga hvers og eins.	Hópurinn miðlar til samstarfsaðila að lestri loknum	Fjöldi þátttakenda
	Handleiðsluhópar	Tækifæri fyrir fólk til að hittast og fara í gegnum daglegt líf og þau mál sem hafa áhrif á vellíðan og hæfni í starfi.	Jafningjahandleiðsla þverfagleg handleiðsla Aðrar þarfir?	Tímafjöldi og aukið öryggi í starfi. Aukin samvinna.
	Ígrundun	Ákveðin hugmyndafræði og viðhorf tekin fyrir og krufin.	Aukin fagleg þátttaka á vinnustað	Fjöldi þátttakenda

Markmið	Aðgerðir	Rökstuðningur	Mælikvarðar	Viðmið
2011 - Fjölbreytt starfspróun Símenntun á ábyrgð skólans	Faglegir kennarafundir	Afmarka kennarafundi við kennslu og sambærileg málefni.	Jákvæðir starfsmenn	Mætingarlistar
	Fjölbreyttir fyrirlestrar	Fá örfyrirlestra um afmörkuð fagleg málefni.	Aukið víðsýni.	Mætingarlistar
	Starfsmannasamtöl	Tækifæri til þess að ræða við nánasta yfirmann í ró og næði um starfið.	Auka vellíðan í starfi og auka tengsl milli yfir- og undirmanna. Virk þátttaka og eftirfylgni t.d sett markmið.	Könnun um líðan í starfi 90% þátttaka
	Starfsmannafundir	Tekin fyrir málefni og praktísk atriði sem varða allt starfsfólk skólans.	Auka vellíðan í starfi og auka tengsl milli yfir- og undirmanna.	Könnun um líðan í starfi 90% þátttaka

Markmið	Aðgerðir	Rökstuðningur	Mælikvarðar	Viðmið
2011 - Líkamlegt og andlegt heilbrigði starfsmanna.	Fjölbreytt félagslíf	Auka samkennd og starfsanda. Kynnast betur hvert öðru og flestir finni eitthvað við sitt hæfi. Markmiðið er að öllum líði vel.	Skýrsla á aðalfundi starfsmannafélagsins um atburði. Starfsmannasamtöl og viðhorfakannanir um líðan.	Þrír til fjórir viðburðir á önn og að meirihluti starfsmanna taki þátt. 90% starfsmanna líði vel í vinnunni
	Öruggt og notalegt vinnuumhverfi	Starfsmönnum finnist þeir öruggir á vinnustaðnum og umhverfið sé hvetjandi.	Starfsmannasamtöl og viðhorfakannanir.	90% starfsmanna líði vel í vinnunni.
	Jákvæður starfsandi	Starfsmönnum líði vel, þeir fái að njóta sín sem einstaklingar og skili góðum árangri í starfi. Vinni saman að settu marki.	Starfsmannasamtöl og viðhorfakannanir. Tengslakannanir?	90% starfsmanna líði vel í vinnunni.
	Hæfilegt vinnuálag og góður stuðningur	Starfsmönnum líði vel, andlega og líkamlega. Fækka veikindadögum.	Starfsmannasamtöl og viðhorfakannanir. Fjöldi veikindadaga.	90% starfsmanna líði vel í vinnunni.
	Almenn þátttaka í hreyfingu og hollum lífsháttum.	Starfsmönnum líði vel, andlega og líkamlega. Fækka veikindadögum.	Könnun á þátttöku starfsmanna í hreyfingu, einstaklingslega og viðburðum tengdum vinnustaðnum.	Allir starfsmenn stundi einhverja hreyfingu. Þátttaka í sameiginlegum viðburðum aukist.
	Vinnuveitendur og stéttarfélög veiti styrki til margskonar líkamsræktar.	Er hvetjandi og jafnar aðstöðu starfsmanna. Auka vellíðan.	Samþykkt bæjarráðs.	80% starfsmanna nýti sér styrkinn.

Markmið	Aðgerðir	Rökstuðningur	Mælikvarðar	Viðmið
2011 - Ábyrg nýting verðmæta og hagkvæm fjármálastýring.	Gera réttar áætlanir, fylgjast vel með útgjöldum og leita ávallt hagstæðustu tilboða	Góður rekstur góður skóli	Niðurstöður ársreiknings	Skila rekstrarhagnaði 1%

Markmið	Aðgerðir	Rökstuðningur	Mælikvarðar	Viðmið
2012 - Nemendur þjálfist í að skipuleggja eigið nám, setji sér markmið og leggi metnað í eigin störf.	Kennsluáætlun þar sem markmiðin eru skýr. Skoða námsefnið ásamt nemendum í upphafi skólaárs.	Nemendur viti til hvers er ætlast af þeim.	Samskipti við foreldra og leiðsagnarmat. (könnun)	Að 80% nemenda geti sett sér markmið og unnið að þeim.
	Sýnileg markmið í skólastofunni.	Nemendur verði betur meðvitaðir um markmiðin og þau festist betur í minni.	Einstaklingsverkefni, könnun og próf.	Að 90% nemenda ná settum markmiðum.
	Nemendur fá gátlista í hverju fagi fyrir sig.	Liður í að taka ábyrgð á eigin námi.	Nemendur merki við gátlista, ýmist sjálfir eða í samráði við kennara.	Að allir nemendur geti nýtt sér gátlista.
	Nemendasamtöl sem liður í að setja sér markmið. (hugmynd)	Við teljum okkur þurfa að setjast niður með viðkomandi nemenda og ræða námið. (Hugmynd að þróunarvinnu)		

Markmið	Aðgerðir	Rökstuðningur	Mælikvarðar	Viðmið
2013 Nemendur fá þjálfun í heimspekilegri samræðu.	Nemendur æfa sig í að beita Sókratískri samræðu á áhrifaríkan hátt. Æfingar fara fram í fámennum hópum - 6-12 nemendur í hóp Kennarinn leiðir samræðurnar með spurningum en er ekki alvitur stjórnandi. Einnig er æskilegt að nemendur æfist í að spyrja hver annan án mikillar íhlutunar kennarans. Nemendur læri að ræða saman án milligöngu kennara.	Sókratísk samræða þjálfar sjálfsgreind nemenda, málgreind, félagsgreind og rökgreind. Dyggðir sem eru þjálfaðar sérstaklega, eru þolinmæði, umburðarlyndi og víðsýni.	Hægt er að notast við samræðumat úr námsefni Lipmans. Það má nota matið sem gátlista og sem spurningar í samræðum. (Valur kennarakver).	Hver hópur setur sér reglur sem allir eru sáttir við og allir verða að fara eftir.
	Þrep Sókratísku samræðunnar: -afmörkun vandamáls (val á hugtaki), -skýring á reynslu tengda vandamálinu (saga), -val á afgerandi augnabliki (saga), -setja sig í annars spor (ræða söguna), -komast að kjarna málsins (skilgreining hugtaks).	Ekki er til einhver ein uppskrift að góðum heimspekilegum samræðum. Hver og einn kennari hefur listrænt frelsi til að þróa eigin stíl. Að vísu liggur ákveðin tækni til grundvallar eins og í allri annarri kennslu	Geta nemendur komið skoðun sinni á framfæri á skipulegan hátt og rökstutt mál sitt?	Við byggjum á reynslu, virkni og þroska nemenda.
	Nemendur eru þjálfaðir í að koma með tilgátur eða tillögur að lausn (á vanda). Koma með rökstudda lausn.	Einhvers staðar stendur: Gagnrýnin hugsun leitar hins sanna. Skapandi hugsun leitar hins fagra og umhyggjan hins góða.	Geta nemendur horfst í augu við viðmælendur sína í hópnum og virt skoðanir annarra?	Við drögum saman það sem fram fór í samræðunum í lok hvers tíma. Niðurstöður skráðar
	Æskilegt er að ljúka samræðum með því að draga fram það mikilvægasta, svo sem ólíkar skoðanir, tilgátur og rök sem skipta máli.		Geta nemendur sett sig í spor annarra?	

	Athuga þarf : -tímasetningu, tímalengd og staðsetningu -að sameiginlegar reglur eru búnar til (allir sammála) -að reglur þróast eftir því sem æfingum fjölga og markmið nást - að ef komist er að sameiginlegri niðurstöðu er það gott, annars er það ekki endilegt markmið.	Ef við getum aukið líkurnar á því að nemendur taki skynsamlegar ákvarðanir nú og í framtíðinni er tilganginum náð. Stóra spurningin er hvernig við metum framtíðina.	Gekk vel að fara eftir reglunum. Er eitthvað sem þarf að þjálfu betur? Náðust markmiðin sem sett voru í upphafi samræðna? Huglægt einstaklingsmat, hópamat og kennaramat.	
	Dæmi um útgangspunkta til að vekja /kveikja áhuga hjá nemendum: Leiksýning, myndbönd, myndaspjöld, atvik sem upp geta komið, myndabækur, listaverk, fréttuúrklippur, dans, söngur, ljóð, eitthvað sem einhver segir....gerir, bókmenntir, nestisbækur.... gestir sem koma í heimsókn. Einnig eru Sókratískar spurningar Sigurðar Björnssonar mjög gott innlegg. (Hugsi kennarakver).	Það að byrja þjálfun í Sókratískum samræðum strax í 1. bekk um leið og við vinnum með markvissa málörvun, lífsleikni og siðfræði hlýtur að vera góð áskorun fyrir okkur í Hofsstaðaskóla.	Niðurstöðurnar eru ekki fyrirfram ákveðnar eins og í hefðbundnum faggreinum þess vegna er svo gaman að fá að takast á við þessi verkefni.	

Markmið	Aðgerðir	Rökstuðningur	Mælikvarðar	Viðmið
2012 - Skilgreining á einstaklingsmiðuðu skólastarfi.	Einstaklingsnámskrá fyrir nemendur með félagslega örðugleika	Huga þarf að umgjörð fyrir nemanda með félagslega örðugleika þannig að hann geti unnið í bekk/hópi.	Mæla líðan nemenda með tengslakönnun og viðtölum. Greiningar	95% nemenda eigi vini skv. niðurstöðum úr tengslakönnun. 90% nemenda líði vel skv. Könnun um líðan Fjöldi greininga hjá sérfræðipjónustu
	Einstaklingsnámskrá fyrir nemendur sem þurfa mikla aðstoð	Markmið séu endurskilgreind í samræmi við stöðu nemandans. Mikilvægt að hann upplifi styrkleika sína.	Skoða einkunnir nemenda Greiningar	Fjöldi greininga hjá sérfræðipjónustu
	Einstaklingsnámskrá fyrir nemendur sem skara fram úr í einstaka grein	Skólinn þarf að mæta öllum nemendum m.a. til að sporna við skólaleiða. Allir nemendur eiga rétt á námi við hæfi	Skoða einkunnir nemenda	
	Lestrarkennsla	Lestrarkennsla skólans er einstaklingsmiðuð þar sem nemendur fá bækur og verkefni við hæfi	Símat á framförum nemenda og fylgst er með einkunnum	Lestrarpróf Framsagnarpróf
	Stærðfræði yngri(1-4)	Nemendur fá sama grunnnámsefni en fá auka bækur við hæfi og/eða tölvuforrit	Kannanir og skoða einkunnir	

	Stærðfræði miðstig(5-7)	Getuskiptir hópar til að auðvelda enn frekar einstaklingsmiðað nám og kennslu	Kannanir og skoða einkunnir Framfarir á samræmdum prófum.	Könnun um færni miðað nám á þriggja ára fresti
	Enska 6.-7.	Getuskiptir hópar til að auðvelda enn frekar einstaklingsmiðað nám	Kannanir og skoða einkunnir	Könnun um færni miðað nám á þriggja ára fresti
	Námsmat	Nemendur með einstaklingsmiðuð markmið taka einstaklingsmiðuð próf og fá einstaklingsmiðað námsmat	Kannanir og skoða einkunnir	
	Heimanám	Aðlaga þarf heimanám að námsgetu hvers nemanda	Samstarf við heimilin, niðurstöður kannana	
	Hvetjandi verkefni tengd áhugasviði nemandans	Nemandi getur fengið hlutverk tengt áhugasviði sínu svo sem ljósamaður, myndasmiður en verður að standa skil á vinnu sinni	Kennari metur vinnusemi einstaklingsins, ef umbunin skilar sér ekki í námi er ákvörðunin endurskoðuð	